

VÍNARTÓNLEIKAR

Graeme Jenkins, hljómsveitarstjóri
Hanna Dóra Sturludóttir, einsöngvari



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2010/11



AÐALSTYRK TARADILAR

BORGUN



Morgunbladid



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói 5., 6. og 7. janúar 2011 kl. 19.30

Tónleikar í Háskólabíói 8. janúar 2011 kl. 17.00

Graeme Jenkins, hljómsveitarstjóri
Hanna Dóra Sturludóttir, einsöngvari

VÍNARTÓNLEIKAR

Franz Lehár	Káta ekkjan, forleikur
Johann Strauss yngri	Grüss dich Gott, úr <i>Wiener Blut</i> Wein, Weib und Gesang
Richard Strauss	Svíta úr <i>Rósariddaranum</i> , op. 59
Hlé	
Johann Strauss yngri	Leðurblakan, forleikur Ich lade gern mir Gäste ein, úr <i>Leðurblökunni</i> Pizzicato-polki
Rudolf Siczzyński	Wien, du Stadt meiner Träume
Johann Strauss yngri	Mir ist so eigen zumute (Schwipslied), úr <i>Nótt í Feneyjum</i> Dónárvalsinn



Vínartónleikarnir eru hljóðritaðir á
fimmtudagskvöld og verða sendir út á Rás 1
sunnudaginn 9. janúar.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum
á meðan tónleikum stendur.



Graeme Jenkins hóf feril sinn sem aðstoðarstjórni hjá tveimur heimsþekktum meisturum, Bernard Haitink og Sir Simon Rattle. Hann lærði hljómsveitarstjórn við Royal College of Music og hefur stjórnað óperum víða um heim, meðal annars í Glyndebourne, Covent Garden, við Ensku þjóðaróperuna, Óperuna í Kaupmannahöfn, Parísaróperuna og Deutsche Oper í Berlín. Hann hefur samtals stýrt flutningi á 106 óperum, allt frá ítölskum barokkóperum til nýrra verka sem hann hefur frumflutt, eftir Stephen Oliver og Tobias Picker.

Jenkins starfar nú sem aðalstjórni Dallas-óperunnar og nýlega var samningur hans þar framlengdur til ársins 2013. Þar hefur hann m.a. stjórnað *Niflungahring* Wagners, og uppfærslum á *Wozzeck*, *Otello*, *Madama Butterfly*, og *Tristan og Ísold*. Jenkins debúteraði við Staatsoper í Vínnarborg árið 2005 í *Billy Budd* eftir Britten, þar sem Simon Keenlyside fór með aðalhlutverkið. Hann hefur snúið aftur árlega síðan, og sama má segja um óperuna í Kaupmannahöfn þar sem hann er fastagestur og hefur m.a. stjórnað *Brúðkaupi Fígarós* og *La clemenza di Tito*.

Jenkins kemur einnig víða fram á hljómsveitartónleikum, og hefur m.a. stjórnað hljómsveitunum í Minnesota, Dallas, Lissabon, Porto, og Frönsku útvarpshljómsveitinni í París.



Hanna Dóra Sturludóttir stundaði söngnám hjá Kristni Sigmundssyni og Snæbjörgu Snæbjarnar við Söngskólann í Reykjavík áður en hún hélt til framhaldsnáms við Listaháskólann í Berlín, þar sem hún útskrifaðist með láði vorið 1998. Árið 1995 bar hún sigur úr þytum í ljóðasöngskeppninni „Paula Lindberg Salomon“ í Berlín og hljóðritaði í framhaldi af því tvo geisladiska með ljóðasöngvum frá 20. öld.

Hanna Dóra hefur komið fram sem gestasöngvari víðsvegar í Þýskalandi, meðal annars í Komische Oper í Berlin og Ríkisóperunum í Hamborg og Berlín. Á árunum 1998–2001 var hún fastráðin

við óperuhúsið í Neustrelitz þar sem hún söng mörg helstu sópranhlutverk óperubókmenntanna. Samhliða óperusöngnum hefur Hanna Dóra komið fram á tónleikum um allt Þýskaland og víða í Evrópu og tónleikahald hefur meðal annars borið hana til Qatar og Egyptalands.

Á Íslandi hefur Hanna Dóra sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands við mörg tækifæri, haldið fjölda ljóðatónleika, sungið í uppsetningum Íslensku óperunnar (*Töfrflautan*, 2001, *Tökin hert*, 2005 og titilhlutverkið í *Ariadne í Naxos*, 2007) og sungið Vínartónleika með Salónhljómsveit Sigurðar Ingva Snorrasonar. Hún hefur tvisvar verið sérstakur gestur á Artarena tónleikahátíðinni í Sviss (2006 og 2010), tekið þátt í fjölmörgum uppfærslum óperusmiðjunnar Novoflot í Berlín, sem sérhæfir sig í frumflutningi á nýrri óperutónlist, og flutt með þeim verk m.a. í Varsjá og Lúxemborg. Haustið 2010 söng Hanna Dóra í einsöngsóperunni *Miss Donnithorne's Maggot* eftir Peter Maxwell Davies í Ríkisóperunni í Berlín og hlaut mikið lof gagnrýnenda fyrir. Næstu mánuði verður Hanna Dóra gestasöngvari við óperuna í Gelsenkirchen þar sem hún mun meðal annars synga aðalhlutverkið í *Dauðasýndunum sjö* eftir Kurt Weill.

SAGA VÍNARTÓNLEIKANNA

Vínartónleikar eru löngu orðinn ómissandi liður í áramótahaldi fólks um allan heim. Kunnastir eru auðvitað tónleikar Vínarfílharmóníunnar í Musikverein-salnum á nýársdag, sem Franz Welser-Möst stjórnaði á föstudaginn var og talið er að milljarður manna í 44 löndum hafi fylgst með í sjónvarpi og útvarpi. Sinfóníuhljómsveitir um allan heim hafa tekið upp þennan sið, m.a. Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljómsveitin hélt fyrstu Vínartónleika sína í maí 1972 og hefur nær árlega frá árinu 1981 haldið slíka tónleika fljótlega upp úr áramótum.

Líklega gera flestir ráð fyrir því að Vínartónleika-hefðin hafi komist á þegar valsakóngarnir sjálfir voru á hátindi ferla sinna fyrir aldamótin 1900. Svo er raunar ekki. Vínarfílharmónían gerði lítið af því að leika tónlist Johanns Strauss meðan hann sjálfur lifði, þótt samskipti tónskálds og hljómsveitar væru alla tíð kurteisleg. Strauss stýrði sveitinni í fyrsta sinn á Óperuballinu í Vínarborg í apríl 1873 og samdi af því tilefni valsinn *Wiener Blut*. Strauss stjórnaði nokkrum tónleikum til viðbótar síðar sama ár, en síðan lék hljómsveitin varla eitt einasta verk hans fyrir en á fimmtugsafmæli tónskáldsins árið 1894. Strauss stjórnaði forleiknum að *Leðurblökunni* í síðasta sinn í Vínaróperunni árið 1899, með hörmulegum afleiðingum. Kyndingin í óperunni var í ólagi og Strauss fékk lungnabólgu sem varð honum að aldurtila 3. júní sama ár.

Það var ekki fyrr en 1939 sem Vínarfílharmónían hélt fyrstu nýárstónleika sína, sem voru raunar á gamlárskvöld fyrst um sinn. Clemens Krauss og Josef Krips stjórnðu tónleikunum fyrstu árin, en Willi Boskovsky var sá stjórnandi sem oftast stóð á pallinum í Musikverein, 25 sinnum frá 1955 til 1979. Þess má til gamans geta að Boskovsky stjórnaði Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói árin 1972 og 1983. Síðan 1987 hafa gestastjórnendur haldið um sprotann og var þeirri hefð komið á til að gefa hinum aldna Herbert von Karajan tækifæri til að stjórna tónleikunum. Efnisskráin er ólík á hverju ári en uppbyggingin er ávallt sú sama, og á hverju ári eru leikin nokkur aukalög, af hverjum *Radetzky*-marsinn er það síðasta. Aldrei er að vita nema hann hljómi einnig í lok tónleikanna í kvöld ef undirtektir eru góðar!

Strauss-valsar hafa hljómað á Íslandi svo að segja frá því að opinbert tónleikahald hófst hér fyrir alvöru á fyrstu árum 20. aldarinnar. Árið 1921 lék danski fiðluleikarinn Henry Baunvig valsasýrpuna Wein, Weib und Gesang á tónleikum sem haldnir voru á kaffihúsinu Fjallkonan (Laugavegi 11) og var gerður góður rómur að leik hans.

VÍNARTÓNLEIKAR 2011

Blómaskeið valsins var um miðja 19. öldina, þegar góðborgarar við hirðir Evrópu voru hættir að hneyklast á djörfum og ástleitnum hreyfingum þeirra sem stigu dansinn. Valsinn var upphaflega sveitadans og ólíkt því sem tíðkaðist í hirðdönsum átti karlinn að halda konunni þétt að sér, sem fór mjög fyrir brjóstið á siðprúðum heldri borgurum. Árið 1797 gaf Salomo Wolff í Halle út bækling sem bar yfirskriftina „Um ástæður þess að valsinn er meginorsök veikleika holds og hugar meðal kynslóðar okkar.“ Bretinn Charles Burney ritaði grein um valsinn í enska tónlistarbók um svipað leyti og sagði þar meðal annars: „Enskar mæður myndu taka því illa að sjá farið með dætur sínar á svo klúran hátt, og enn verr að verða vitni að hversu fúslega stúlkurnar taka þátt í dónaskapnum.“

Í Vínarborg bar Strauss-fjölskyldan höfuð og herðar yfir aðra þegar kom að valsa-gerð, ekki síst þeir Johann Strauss (eldri og yngri) og bróðirinn Josef Strauss. Johann eldri vildi reyndar að elsti sonurinn gerðist bókhaldari, en honum reyndist hins vegar ómögulegt að slíta sig frá tónlistinni eftir að námi lauk. Ferill Johanns Strauss yngri (1825–99) hófst fyrir alvöru 1844 þegar hann stofnaði sína eigin hljómsveit og valsar hans fóru að hljóma um alla Vínarborg og víðar. Eftir andlát föðurins var Johann yngri óumdeildur valsakóngur Vínarborgar. Hann stjórnaði hljómsveitum um alla álfuna og var feykilega afkastamikill – samtals samdi hann um 500 valsa, marsa, polka, kvadrillur og aðra tískudansa þess tíma.

Sérfræðingar í danstónlist 19. aldar vilja meina að í kringum 1860 hafi orðið vatnaskil í sögu valsins, þegar Strauss yngri tók að semja sín bestu verk. Flestir þekkja *Sögur úr Vínarskógi* og *Dónárvalsinn*, þegar hann lét flytja valsa sína í fyrsta sinn og stofnaði eigin hljómsveit. lengi stjórnandi Karlakórs Vínarborgar, en valsasýrpan *An der schönen, blauen Donau* op. 314 (1867) var einmitt samin fyrir þennan kór og ekki útsett fyrir hljómsveit fyrr en síðar.

Franz Lehár (1870–1948) var ættaður frá Súdetalandi, en faðir hans var hornleikari í leikhúshljómsveitinni í Vínarborg auk þess sem hann stjórnaði lúðrasveit og samdi fjöldann allan af dönsum. Lehár lærði fiðluleik og tónsmíðar í Tónlistarháskólanum í Prag og hóf feril sinn sem lúðrasveitarstjóri eins og faðir hans. Hann dreymdi um að slá í gegn sem tónskáld, en þurfti að bíða fram á fertugsaldur áður en verk hans vöktu nokkra eftirtekt. Árið 1902 gat hann loks helgað sig tónsmíðum og innan árs hafði hann samið tvær óperettur sem öðluðust töluverðar vinsældir. Hann vakti loks heimsathygli

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sumarið 1926 voru í fyrsta sinn haldnir heilir tónleikar í Reykjavík helgaðir tónlist Johanns Strauss.

Filharmoníuhljómsveitin í Hamborg lék í lðnó undir stjórn Jóns Leifs, og einn gagnrýnandi sagði:

„Tónleikarnir voru nú ekki ófjörugir, enda ljómaði gleðibros á hverju andliti í salnum á meðan á þeim stóð og endurskin þess sást á hverjum og einum hljómsveitarfélaganna. Loks var gefið aukalag, fjörugur „Marsch“, en hann varð að tvítaka til þess að hljómsveitin gæti losnað við hina hrifnu áheyrendur sína.“

með hinni sívinsælu *Kátu ekkju* (Die lustige Witwe), sem boðaði nýja gullöld fyrir óperettuna sem slíka.

Óperettan *Wiener Blut* var sett saman árið 1899 kringum samnefndan valsasmell Johanns Strauss frá árinu 1873. Öll tónlistin er sótt í eldri tónsmíðar tónskáldsins, sem lifði ekki að sjá verkið fært upp, lést fimm mánuðum fyrir frumsýninguna. Það var að líkindum til marks um breytta tíma að *Wiener Blut* varð ekki sú gullnáma sem að hafði verið stefnt, og fjárfestar töpuðu stórfé. Óperettan gerist á Vínarþinginu 1815 þar sem allt helsta aðalsfólk og diplómatar Evrópu eru samankomnir á einum stað. Zedlau greifa hefur tekist að flækja líf sitt að óþörfu með ástarsamböndum hingað og þangað, og þegar Gabriele greifynja kemur að höll þeirra í Döbling hefur hún ekki grænan grun um að innandyrta sé stödd ballerínan Franziska, sem greifinn hefur átt vingott við. Greifynjan syngur ariuna *Grüss dich Gott* þar sem hún gengur í höllina, í fyrsta þætti óperunnar. Áður en tjalðið fellur leysist úr hinum margvíslegu flækjum sem upp koma, og greifanum eru fyrirgefnar misgjörðirnar.

Wein, Weib und Gesang (Vín, víf og söngur) var upphaflega kórverk, samið fyrir Karla-kórafélag Vínarborgar og frumflutt í febrúar 1869. Titillinn er fenginn úr gömlum þýskum málshætti sem á 18. og 19. öld var stundum eignaður Marteini Lúther: *Wer nicht liebt Wein, Weib, Gesang, der bleibt ein Narr sein Leben lang*. Á íslensku hefur þetta verið lagt út með þessum hætti:

Sá sem ekki elskar vín,
óð né fagran svanna,
verður alla ævi sín,
andstygð góðra manna.

Í hljómsveitarútgáfunni er valsakóngurinn í eðalformi og gildir það bæði um innblásin stefin sem og hljómsveitarútsetninguna. Meðal þeirra sem dáðust að andagift Strauss í þessu verki voru Richard Wagner og Johannes Brahms. Þegar Strauss stýrði tónleikum á Alþjóðlega friðarþinginu í Boston árið 1872 var *Wein, Weib und Gesang* á efnisskránni og var engu til tjaldað: samtals tóku um 10.000 hljóðfæraleikarar og 20.000 söngvarar þátt í flutningnum.

Sinfóníuhljómsveitin lék vals úr Rósariddaranum í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Páls P. Pálssonar árið 1957. Hljómsveitarsvítuna sem hér hljómar hefur hún flutt þrisvar sinnum áður, með Jean-Pierre Jacquillat 1981 og Petri Sakari 1992 og 1998.

Tónlist eftir Richard Strauss (1864–1949) heyrir sjaldan á Vínartónleikum Sinfóníunnar. Þrátt fyrir nafnið var hann með öllu óskyldur valsakóngunum, og framan af ferlinum var tónlist hans með því framsækna sem gerðist í evrópskri tónsköpun. Richard Strauss var byltingamaður á sína vísu, hann tók í arf hákrómatískt tónmál Wagners og samdi tvær dramatískar einþáttungsóperur sem vöktu hörð viðbrögð samtímamanna: *Salóme* (1905) eftir leikriti Oscars Wilde um afdrif Jóhannesar skírara við hirð Heródesar Júdeukonungs, og *Elektru* (1908) eftir harmleik Sófóklesar. Í kjölfarið stóðu Strauss allar dyr opnar og allt útlit fyrir að hann tæki sinn sess í þeirri þrenningu evrópskra módernista sem þá var í mótun: Strauss, Stravinskíj og Schönberg.

Ekki fór það þó svo. Að *Elektru* fullgerðri steig Strauss skref til baka, hörfaði úr hvössum ómstríðum nútímans aftur í ljúfa Vínarmúsík 19. aldarinnar. Margir telja *Rósariddarann* (1911) eina fullkomnustu gamanóperu sem samin hefur verið, enda nýtur hún enn vinsælda í óperuhúsum um allan heim. Skemmst er að minnast þess þegar Kristinn Sigmundsson fór með hlutverk barónsins við Metropolitan-óperuna í New York og söng þar í félagsskap Renée Fleming og Susan Graham.

Vinsældir óperunnar voru með ólíkindum. Framleiðendur kepptust við að setja á markað *Rosenkavalier*-kampavín og *Rosenkavalier*-vindlinga, og árið 1926 var gerð leikin kvikmynd eftir sögunni. Að ópera skyldi njóta slíkra vinsælda að hún gæti jafnvel slegið í gegn sem þögul kvikmynd er afrek sem ekki hefur verið leikið eftir síðan.

Í Vínarborg hefur marskálsfrúin Marie Thérèse tekið sér sautján ára gamlan pilt, Octavian greifa, sem elskhuga. Frændi hennar, hinn grófi og klaufalegi Ochs barón, hefur komist í feitt og hyggst kvænast Sophie von Faninal, glæsilegri konu af auðugum ættum. Octavian fær það hlutverk að færa Sophie silfurrós og þau fella hugi saman. Að endingu segir ungi greifinn skilið við marskálsfrúna, brúðkaupi Ochs og Sophie er aflýst og elskendurnir ungu eiga framtíðina fyrir sér.

Hljómsveitin í *Rósariddaranum* er æði stór og hlutverk hennar í tónlistinni er ekki síður mikilvægt en söngvaranna. Árið 1944 var hljómsveitarsvítan sem hér hljómar frumflutt í New York undir stjórn Arturs Rodzinski, og er talið að hann hafi fléttað dansana saman í samráði við höfundinn þótt fáar heimildir hafi varðveist þar að lútandi. Hér heyrast mörg frægustu stefin, ástleitinn stef í bland við hressilega dansmúsík. Upphafstónar óperunnar lýsa funheitri nótt elskendanna, Octavians

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Forleikurinn að Leðurblökunni hefur hljómað tuttugu og einu sinni á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og þá hefur oft verið um marga tónleika að ræða í hvert sinn. Victor Urbancic stjórnaði forleiknum í Þjóðleikhúsinu 1950, og meðal þeirra sem fylgt hafa í kjölfarið eru Proinssias O'Duinn (1964), Marteinn H. Friðriksson (1965), Alfred Walter (1969) og Lan Shui (1996).

og marskálsfrúarinnar, en því næst heyrir innganga Octavians með rósina handa Sophie í öðrum þætti óperunnar. Dúett Octavians og Sophie (óbó og horn) verður sífellt ástleittari, þar til Ochs kemur á staðinn með miklum gauragangi. Tregafullur kveðjusöngur marskálsfrúarinnar hljómar hér einnig, sem og líflegur vals Ochs baróns sem myndar glæsilegan hápunkt hljómsveitarsvítunnar.

Eftir hlé vikur sögunni aftur að valsakónginum. *Leðurblakan* (1874) er tvímælalaust sú frægasta af fimmtán óperettum Johanns Strauss. Þegar tjaldið rís eftir forleikinn er heimilisfaðirinn Gabriel von Eisenstein er á leið í tukthúsið þar sem hann á að afplána stutta vist. Eiginkona hans Rósalinda heldur við söngkennarann Alfred, og þennan Adele biður um leyfi til að heimsækja dauðvona frænku sína þegar hún ætlar í raun að stelast á dansleik hjá Orlofsky prins. Eisenstein fer einnig þangað og þykist fljótt sjá að leikkonan Olga sé engin önnur en Adele dulbúin í kjól af Rósalindu. Gamaníð kárnar þegar Rósalind mætir einnig í höllina, grímuklædd sem ungversk greifynja. Hér hljómar aría Orlofskys, þar sem hann syngur um ánægjuna sem hlýst af því að halda góða veislu.

Strauss-fjölskyldan skaraði ekki einungis fram úr í valsagerð; samkvæmisdansar 19. aldarinnar voru af ýmsum toga, ýmist hægir eða hraðir, glaðværir eða ljúfsárir. Dansar með yfirskriftina *polka* tóku að birtast í Bæheimi á fyrri hluta 19. aldar og náðu skjótt vinsældum. Í Vínarborg tíðkuðust margvísleg afbrigði sem hvert hafi sitt heiti: *Polka française* var tignarlegur og yfirvegaður en *Schnell-Polka* öllu fjörugri eins og yfirskriftin bendir til. *Pizzicato-polkan* sömdu þeir bræður Josef og Johann Strauss í sameiningu árið 1869 fyrir eina af allmörgum ferðum sínum til Rússlands. Vinsældirnar urðu slíkar að polkinn átti sinn sess á nærri öllum tónleikaferðum bræðranna um Evrópu þvera og endilanga, og þótt höfundarnir takmarki sig við strengi og klukkuspil bæta þeir það upp með ótal skemmtilegum litbrigðum í laglínunum og rytma.

Tónlistarsagan geymir fjölmörg dæmi tónskálda sem hafa náð hylli fyrir eitt tónverk á meðan stærstur hluti ævistarfsins liggur óbættur hjá garði. Johann Pachelbel samdi kanón fyrir strengi sem frægt er orðið, en færri hafa líklega heyrt orgelverk hans eða kirkjutónlist. Sama mætti segja um önnur tónskáld, til dæmis Gustav Holst sem helst

Dónárvalsinn á sér langa sögu á Íslandi og hljómar að meðaltali annað hvert ár á Vínartónleikum. Sí. Fyrstu heimildir um flutning hans af íslenskum tónlistarmönnum eru þegar Karlakór Reykjavíkur söng hann við íslenskan texta í Gamla bíói vorið 1934, og hafði hann á efnisskrá sinni í Vínarborg 1937. Sí lék verkið undir stjórn Alfreds Walter sumarið 1969; þremur árum síðar stjórnaði Willi Boskovsky völsunum í Háskólabíói.

er kunnur fyrir *Pláneturnar*, eða Carl Orff sem samdi ótal söngverk og óperur þótt *Carmina Burana* sé hið eina sem flutt er um allan heim. Austurríska tónskáldið Rudolf Siczzyński fellur einnig í þennan flokk. Hann samdi *Wien, du Stadt meiner Träume* árið 1914 og það hefur hljómað um allan heim í ýmsum útgáfum: fræg er hljóðritunin frá 1959 þar sem Elísabet Schwarzkopf syngur, auk þess sem lagið hljómaði í kvikmynd Stanleys Kubrick, *Eyes Wide Shut*. Af Siczzyński er það annars að segja að hann var lögfræðimenntaður en starfaði lengst af sem forstöðumaður austurrísku garðyrkjufræðistofnunarinnar. Tónlistarstörf stundaði hann aðallega í frítíma sínum en komst þó til nokkurra metorða og var forseti Austurríska tónskáldafélagsins um árabil.

Þegar valsar og önnur dansmúsík sló í gegn þurfti að hamra járníð meðan það var heitt, og umritanir af ýmsum toga fyrir hina og þessa hljóðfæra- eða sönghópa litu þá dagsins ljós. Johann Strauss yngri var iðinn við að nýta tónlist sína á þennan hátt og því eru sumir dansa hans til bæði sem óperettusöngur og hljómsveitarverk. Strauss samdi polka með heitinu *Annen-Polka* árið 1852, þegar hann var enn lítt þekktur í Vínarborg og lék aðeins endrum og sinnum opinberlega og þá með litlum hópi hljóðfæraleikara. Tilefni þess að verkið var samið var stórt eigi að síður. Í Prater-lystigardinum í Vínarborg voru mikil hátíðarhöld á hátíðisdegi heilagrar Önnu (26. júlí) og þar hlýddu þúsundir á hið nýja verk við almenna ánægju.

Annen-Polka varð raunar svo vinsæll að hann var síðar felldur inn í óperuna *Nótt í Feneyjum* (*Eine Nacht in Venedig*, 1888), sem aría í öðrum þætti. Óperan gerist í Feneyjum á 18. öld og segir sögu af misskilningi á misskilning ofan; greifinn af Úrbínó væntir þess að ung stúlka sem hann hefur mætur á heimsæki sig í gondól en hún hefur önnur áform og fær fisksölustúlkuna Anninu til að taka sinn stað. Annina syngur *Schwipslied* þegar þau hertoginn eru ein á sviðinu eftir mikla veislu þar sem áfengi var haft um hönd. Hún áttar sig á því að hún hefur fengið sér fullmikið í annan fótinn en reynir að láta á engu bera.

**Grüß dich Gott, du liebes Nesterl
Úr „Wiener Blut“**

Gräfin:

Es hat den Grafen nichts genützt,
Das Warnen und das Bitten,
Die Neugier ist in mir erwacht,
Ich bin hieher geritten!
's steckt was dahinter, das ist klar,
Den Grund muß ich erspäh'n!
Ich finde alles, wie es war,
So lieb, so traut, so schön!

Grüß dich Gott, du liebes Nesterl,
Wie du warst, find' ich dich noch,
So wie einst ich dich verlassen,
Als mich drückt' das Ehejoch!
Oft, ach, schmollt' ich da im Erker,
Weil der Graf mich just gefreit!
Ach, wie oft an diesem Schreibtisch
Klagte ich Mama mein Leid!
Wie hab' auf dir ich musiziert,
Armes Spinett, dich malträtiert!
Die Bibliothek! Mancher Roman,
Den man wohl liest,
Doch nicht erleben kann!
Homer, Wieland, Voltaire, euch hielt ich mir
Als Aufputz hier!
Was seh' ich da?
Da schau', ei, ei,
Casanova? Das ist mir neu! —
Mein Schlafgemach, es scheint wohl verlassen,
Alles ist so, wie's war.
Hier löst' ich zaghaft mein Myrthenkränzchen
Bebend aus dem Haar!
Hier nahm als Braut ich zitternd den Schleier
Zögernd vom Gesicht — — —
Und aus den Augen flossen die Tränen.
Na, heute heult' ich nicht!
Grüß dich Gott, du liebes Nesterl,

**Komdu nú sælt, hreiðrið mitt kæra
Úr óperettunni „Vínarblóð“**

Greifafrúin:

Greifanum varð ekkert gagn
að viðvörunum og bónum,
það kviknaði hjá mér forvitnin,
og hingað er ég komin á hestbaki!
Eitthvað býr að baki, það er víst,
ég verð að komast að ástæðunni!
Ég sé að allt er eins og það var,
svo hugþekkt, svo geðfellt, svo fallegt!

Komdu nú sælt, hreiðrið mitt kæra,
ég finn þig aftur eins og þú áður varst,
alveg eins og þegar ég yfirgaf þig einu sinni
þegar hjónabandsokið þrúgaði mig!
Æ, oft sat ég með ólund þarna í skotinu,
af því að greifinn var nýbúinn að biðja mín!
Æ, hve oft úthellti ég hörmum mínum
fyrir mömmu við þetta skrifborð!
Hve oft hef ég hamrað á þig tónlistina,
aumingja spínnett, og farið illa með þig!
Bókasafnið! Hér er mörg skáldsagan,
sem við getum að vísu lesið,
en ekki lifað!
Hómer, Wieland, Voltaire, ykkur geymdi ég
hér til skrauts!
Hvað sé ég þarna?
Sjáum nú bara, hvaða hvaða,
Casanova? Það er eitthvað nýtt! —
Svefnherbergið mitt, það virðist svo yfirgefið,
allt er alveg eins og það var.
Hér losaði ég kviðin myrtuskransinn
skjálfandi úr hárinu!
Hér dró ég titrandi brúðarslæðuna
hikandi frá andlitinu — — —
Og tárin streymdu úr augunum.
Jæja, í dag var ég ekkert að grenja!
Komdu nú sælt, hreiðrið mitt kæra,

Wie du warst, find' ich dich noch,
So wie einst ich dich verlassen,
Als mich drückt' das Ehejoch!
Doch, wer weiß, es kann gelingen,
Daß du meine Neugier stillst,
Und ich doch was Neues finde,
Das du mir verbergen willst!

Victor Léon og Leo Stein

Chacun à son goût
(„Ich lade gern mir Gäste ein“)
Úr „Die Fledermaus“

Orlofsky:

Ich lade gern mir Gäste ein,
man lebt bei mir recht fein,
man unterhält sich wie man mag,
oft bis zum hellen Tag.
Zwar langweil ich mich stets dabei,
was man auch treibt und spricht;
indess, was mir als Wirt steht frei,
duld ich bei Gästen nicht.
Und sehe ich, es ennüyt
sich jemand hier bei mir,
so pack ich ihn ganz ungeniert,
werf ihn hinaus zur Tür.
Und fragen Sie, ich bitte,
warum ich das denn tu?
's ist mal bei mir so Sitte,
chacun à son goût!

Wenn ich mit andern sitz beim Wein
und Flasch' um Flasche leer',
muß jeder mit mir durstig sein,
sonst werde grob ich sehr.
Und schenke Glas um Glas ich ein,
duld ich nicht Widerspruch;
nicht leiden kann ich's, wenn sie schrein:
ich will nicht, hab genug!

ég finn þig aftur eins og þú áður varst,
alveg eins og þegar ég yfirgaf þig einu sinni
þegar hjónabandsokið þrúgaði mig!
En hver veit, kannski það heppnist
að þú getir svalað forvitni minni,
og að ég geti fundið eitthvað nýtt,
sem þú ætlar að fela fyrir mér!

Hver hefur sinn smekk
(„Ég býð fúslega gestum heim“)
Úr „Leðurlökunni“

Orlofsky:

Ég býð fúslega gestum heim,
hjá mér hafa þeir það aldeilis fínt,
fólk skemmtir sér eins og það vill,
oft fram á rauðamorgun.
Að vísu dauðleiðist mér alltaf,
hvað sem menn gera eða segja;
en það sem mér leyfist sem gestgjafa,
það þoli ég samt ekki hjá öðrum.
Og ef ég sé að einhverjum
leiðist hér hjá mér,
þá gríp ég hann alveg hispurslaust
og fleygi honum á dyr.
Og eruð þér að spyrja, eða hvað,
hvers vegna ég geri það?
Það er bara gamall siður hjá mér,
hver hefur sinn smekk!

Þegar ég sit með öðrum yfir víni
og tæmi flösku eftir flösku,
þá vera allir að vera þyrstir með mér,
annars verð ég hrottafenginn.
Og þegar ég skenki glas eftir glas,
þá líð ég engin mótmæli;
ég þoli ekki þegar þeir hrópa:
ég vil ekki meir, ég hef fengið nóg!

Wer mir beim Trinken nicht pariert,
sich zieret wie ein Tropf,
dem werfe ich ganz ungeniert
die Flasche an den Kopf.
Und fragen Sie, ich bitte,
warum ich das denn tu?
's ist mal bei mir so Sitte,
chacun à son goût!

C. Haffner og Richard Genée

Wien, du Stadt meiner Träume

Mein Herz und mein Sinn
Schwärmt stets nur für Wien,
Für Wien, wie es weint, wie es lacht!
Da kenn ich mich aus,
Da bin i halt z'Haus,
Bei Tag und noch mehr bei der Nacht.
Und keiner bleibt kalt
Ob jung oder alt,
Der Wien, wie es wirklich ist, kennt.
Müßt' ich einmal fort
Von dem schönen Ort,
Da nähm' meine Sehnsucht kein End.

Dann hört' ich aus weiter Ferne ein Lied,
Das klingt und singt, das lockt und zieht:
Wien, Wien, nur du allein
Sollst stets die Stadt meiner Träume sein!
Dort, wo die alten Häuser stehn,
Dort, wo die lieblichen Mädchen gehn!
Wien, Wien, nur du allein
Sollst stets die Stadt meiner Träume sein!
Dort, wo ich glücklich und selig bin,
Ist Wien, ist Wien, mein Wien!

Rudolf Siczynski

Sá sem hlýðir mér ekki við drykkjuna
og er teprulegur eins og kjáni,
ég fleygi alveg hispurslaust
flöskunni í hausinn á honum.
Og eruð þér að spyrja, eða hvað,
hvers vegna ég geri það?
Það er bara gamall siður hjá mér,
hver hefur sinn smekk!

Vín, borg drauma minna

Hjarta mitt og hugur láta sig
ávallt og aðeins dreyma um Vínarborg,
um Vín, hvernig hún grætur, hvernig hún hlær!
Þar þekki ég mig,
þar á ég nefnilega heima,
á daginn og ennþá frekar á nóttunni.
Og engum getur staðið á sama,
hvort sem hann er ungur eða gamall,
sem þekkir Vín eins og hún er í raun og veru.
Ef ég þyrfti einhverntíma að fara burt
frá þessum fagra stað,
þá yrði þrá mín endalaus.

Þá mundi ég heyra söng úr fjarska,
sem hljómar og kveður, sem lokkar og laðar:
Vín, Vín, aðeins þú ein
skalt ávallt vera borg drauma minna!
Þar sem gömlu húsin standa,
þar sem indælu stúlkurnar ganga um!
Vín, Vín, aðeins þú ein
skalt ávallt vera borg drauma minna!
Þar sem ég er hamingjusamur og sæll,
þar er Vín, er Vín, Vínarborgin mín!

**Mir ist auf einmal so eigen zumute
(„Schwips-Lied“; „Annen-Polka“)
Úr „Nacht in Venedig“**

Annina:

Mir ist auf einmal so eigen zumute,
Irgendwas prickelt und kitzelt im Blute.
Irgendetwas trägt mich weit
Weg in Himmels Seligkeit.
Und ich muß lachen, vor Glück muß ich lachen,
Auch weil ich Lust hab was Dummes zu machen.
Fast könnt das ein Schwipserl sein,
Doch es ist kein Schwips, oh nein!

Vorhin trank ich noch aus einem Glas,
Jetzt trink ich aus zwein, wie kommt den das?

Und dann denk ich noch wenn ich nur wüßt,
Hab ich heute schon geküsst?
Nein, nein, nein, nein, ha, ha, ha, hahaha ...

Mir ist auf einmal so eigen zumute usw.

Hopssassa tralala, oh ich weiss was ich weiss.
Alles steht schief herum, alles dreht sich
im Kreis.

Alles was fest war, ich merke es schon,
Das ist nicht mehr verlässlich, es tanzt mir
davon,

Und wenn ich gehen will, dann schweb ich
leicht,
Bis ich endlich das Ziel, das ich will hab erreicht.
Ja, ja, ja, ja, hahaha, hahaha ...

Mir ist auf einmal so eigen zumute usw.

Ha, ha, ha, ha, ha, Schwips, oh nein!

**Mér líður allt í einu eitthvað svo undarlega
(„Ölvímusöngur“; „Önnudags-polka“)
Úr „Nótt í Feneyjum“**

Annína:

Mér líður allt í einu eitthvað svo undarlega,
eitthvað hviðrar og kitlar í blóðinu.
Eitthvað ber mig alla leið
upp í himinsælu.
Ég get bara hlegið, ég verð að hlæja af hamingju,
líka af því mig langar að gera eitthvað heimskulegt.
Maður gæti næstum haldið ég sé hífuð,
en ég er sko ekkert hífuð, ónei!

Áðan var ég að drekka úr einu glasi,
nú er ég að drekka úr tveimur, hvernig stendur
á því?

Og svo hugsa ég um hvort ég viti bara nokkuð
hvort ég hafi kysst einhvern í dag?
Nei, nei, nei, nei, ha, ha, ha, hahaha ...

Mér líður allt í einu eitthvað svo undarlega o.s.frv.

Hoppsassa, trallala, ó ég veit hvað ég veit,
allt er með slagsíðu, allt snýst í hringi.

Allt sem var fast, ég var bara að taka eftir því,
því er ekki lengur að treysta, það dansar í burt,

og ef ég ætla að ganga, þá svíf ég léttilega

þangað til ég hef loksins náð takmarkinu sem ég vil.
Já, já, já, já, hahaha, hahaha ...

Mér líður allt í einu eitthvað svo undarlega o.s.frv.

Ha, ha, ha, ha, ha, hífuð, ónei!

Richard Genée og F. Zell [Camillo Walzel]

KVIKMYNDATÓNLISTARVEISLA



Kvikmyndatónleikar Sinfóníunnar á síðasta starfsári voru frábærlega sóttir og yfir 400.000 manns hafa séð myndskeið á YouTube þar sem Svarthöfði stjórnar tónlist úr Stjörnustríði. Nú endurtökum við leikinn með tónlist úr öðrum frægum kvikmyndum. Meðal annars verður flutt hljómsveitarsvíta úr *Psycho* eftir Bernard Herrmann, þættir úr *Cinema Paradiso* eftir Ennio Morricone, Guðföðurnum eftir Nino Rota og James Bond-svíta með tónlist James Barry. Auk þess verður flutt tónverkið *Popcorn Superhet Receiver* eftir Jonny Greenwood úr *Radiohead*, sem hefur látið töluvert að sér kveða sem tónskáld á síðustu árum. Þetta tónverk hljómaði í Óskarsverðlaunamyndinni *There Will Be Blood* frá árinu 2007.

Bandaríski hljómsveitarstjórinn Benjamin Schwartz vakti fyrst verulega athygli þegar hann komst á verðlaunapall í Gustav Mahler hljómsveitarstjórakeppninni árið 2007, og hefur nú nýlokið þriggja ára samningi sem aðstoðarstjórnandi við Sinfóníuhljómsveitina í San Francisco. Hann stjórnaði SÍ í fyrsta sinn í mars 2009 í efnisskrá með verkum eftir George Gershwin og Leonard Bernstein, og snýr nú aftur með spennandi kvikmyndatónlist í farteskinu.

SVO MÆLTI ZARAPÚSTRA



Hið stórfenglega upphaf að Zarapústra, mögnuðu tónaljóði Richards Strauss, naut hylli tónlistarunnenda löngu áður en Stanley Kubrick notaði það í 2001: A Space Odyssey. Það þarf enginn að velkjast í vafa um að glæsilegri notkun á hljómsveitinni er vandfundin; og sama má raunar segja um hinn ægífagra ástardauða Ísoldar úr óperu Wagners sem hljómar í upphafi tónleikanna og þykir eitt áhrifamesta atriðið í gervallri óperusögunni.

Auk þessara hárómantísku verka flytur Sinfónían selló-konsert eftir Hafliða Hallgrímsson, sem er eitt af hans glæsilegustu verkum. Verkið var samið 2003 og pantað í sameiningu af SÍ, Óslóar-filharmóníunni og Skosku kammersveitinni. Umsagnir gagnrýnenda voru allar á einn veg: The Times kallaði konsertinn „stórkostlega nýja viðbót á verkaskrá sellósins“ og gagnrýnandi Daily Telegraph líkti litanotkun Hafliða við meistara myndlistarinnar, Rembrandt og Caravaggio.

Þýsk-japanski sellóleikarinn Danjulo Ishizaka vakti stormandi lukku þegar hann lék með SÍ vorið 2008 og í millitíðinni hefur hann slegið í gegn, bæði í Carnegie Hall og á Verbierhátíðinni í Sviss. Hann hefur flutt konsert Hafliða víða um heim á undanförunum árum og kemur nú til Íslands og leikur verkið á Stradivarius-sellóið sitt, „Lord Aylesford“, sem svo sannarlega er komið til ára sinna, smíðað árið 1696.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 5., 6., 7. OG 8. JANÚAR 2011

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Tulinius
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Zbigniew Dubik
Margrét Kristjánsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Lin Wei
Ágústa María Jónsdóttir
Mark Reedman
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Christian Diethard
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Margrét Þorsteinsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Martin Frewer

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marinósóttir
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Herdis Anna Jónsdóttir
Guðrún Hrunð Harðardóttir
Eyjólfrur Alfreðsson
Sesselja Halldórsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfriður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarinett

Einar Jóhannesson
Ármann Helgason
Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Jóhann I. Stefánsson

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson

Túba

Lai Tak Chun

Harpa

Katie Buckley
Elisbet Waage

Celesta

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson

samstarfsaðilar



LITRÓF-HAGPRENT

EXTON
LIÓS / HLJÓÐ / MYND



Borgun er stoltur bakhjarl Sinfónúhljómsveitar Íslands

BORGUN

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
– Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is